

Nd. **575. Breytingartillögur** [127. mál]

við frv. til l. um áskorunarmál, viðauka við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „skulu“ í upphafi greinarinnar komi: mega.
2. Við 4. gr. Síðari másl. orðist svo:
Auk stefnu skal stefnandi sýna dómara skjal það, eða ljósrit þess, er hann reisir á dómkröfur sínar.
3. Við 5. gr. Í stað orðsins „skuli“ í upphafi greinarinnar komi: megi.
4. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
Nú verður útvíst af hálfu stefnda, án þess að haldið sé uppi vörnum og ritar dómari þá eða stimplar, samkvæmt kröfu stefnanda, á frumrit stefnunnar, að dómkröfurnar, svo og upphæð málskostnaðar eftir ákvörðun dómara, séu aðfararhæfar að liðnum sjö sólarhringum frá birtingu, enda sé málatilbúningi stefnunnar í engu áfátt.
5. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
Að öðru leyti en nú hefur verið rakið skulu mál samkvæmt þessum lögum fara eftir gildandi reglum réttarfarslaga.